

## 8. hluti – Að sækja um skóla/ Innritun í framhaldsskóla

**Efni/verkfæri:** aðgangur að Netinu er nauðsynlegur.

**Verkefni:** Menntagátt, Hvaða skóli?

**Tenglar:** [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is), [www.facebook.com-innritun í framhaldsskóla](https://www.facebook.com-innritun-í-framhaldsskóla),  
[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is), [www.namogvinna.is](http://www.namogvinna.is)

### Meginmarkmið þessa hluta eru að nemendur

- kynni sér starf þeirra framhaldsskóla sem þeim finnst eftirsóknarverðir.
- kynni sér vel innritunarreglur framhaldsskólanna.
- öðlist skýrari mynd af því hvaða framhaldsskóla þeir vilji sækja um inngöngu í.

Reglur um innritun breytast nokkuð ört. Því er gert ráð fyrir að þessi kafli sé tekinn fyrir með nemendum þegar reglur um innritun liggja fyrir á vorönn í 10. bekk.



### Kveikja/umræða

Á þessum tímapunkti gæti verið gott að kanna aftur hverjir eru búnir að ákveða í hvaða framhaldsskóla þeir ætla að sækja um, hverjir hafa einhverjar hugmyndir og hverjir eru enn alveg óákveðnir. Ætla allir í framhaldsskóla? Ef ekki, hvað ætla þeir þá að taka sér fyrir hendur?

### Umræða – innritun í framhaldsskóla

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla eiga þeir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hafa náð 16 ára aldri rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Yfirvöldum ber einnig að tryggja öllum 16 og 17 ára nemendum skólavist sem þess óska. Þetta þýðir að þeir nemendur sem eru að ljúka 10. bekk eiga rétt á því að hefja nám í framhaldsskóla að grunnskóla loknum hver svo sem námsárangur þeirra kann að vera.

- Skiptir námsárangur máli þegar sótt er um framhaldsskóla? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
- Skiptir ástundun í grunnskóla máli þegar sótt er um vist í framhaldsskóla?
- Hafa nemendur ákveðið um hvaða námsbraut þeir ætla að sækja?
- Hvers vegna skiptir val á námsbraut miklu máli?
- Hvenær á að sækja um í framhaldsskóla?
- Hvar á að sækja um í framhaldsskóla og hvernig?

Í verkefnunum sem hér fara á eftir eru nemendur hvattir til þess að kynna sér vel framhaldsskóla sem þeim finnst eftirsóknarverðir auk þeirra reglna sem gilda um innritun í þá. Innritunarreglur breytast reglulega og því verða þær ekki tíundaðar hér heldur vísað á síðuna [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is). Þar fást upplýsingar um þær innritunarreglur sem gilda hverju sinni. Á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins, [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is), er að finna gildandi lög og reglugerðir um framhaldsskóla og innritun. Námsráðgjafar í grunnskólum búa einnig yfir nýjustu upplýsingum um þessi mál og ættu að geta miðlað til nemenda. Á vefnum [www.namogvinna.is](http://www.namogvinna.is), sem er gagnabanki fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum, eru tenglar að upplýsingum um nám á öllum skólastigum.

**Menntagátt**

Fyrir skólið í reitnum í framhaldsskóla er að kynna sér verkefni þess umskilnaðs.

Þú ert náms- og starfsráðgjafi þess þú kemst á eftir spurningum um reitarnar og á vefsíðu www.menntagatt.is er fjöldi reinga af þessum efnum og spurningum sem þú þarft að lesa að þess leyri eftir á vefsíðu.

Hvaða áttenuur og þú gildir um reitnum í framhaldsskóla?

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Hvar vakir maður um framhaldsskóla?

\_\_\_\_\_

Hvað á að veita marga skóla?

\_\_\_\_\_

Hvar er reitnum í reitnum?

\_\_\_\_\_

Verður þú að endurskoða val sitt eftir og þú hefur?

\_\_\_\_\_

Þú átt vanda stöðu tilgjafi með umskilnaði?

\_\_\_\_\_

Hvað er vott um, þú stöðvast á þessum?

\_\_\_\_\_

Hvar er þú að líta á þessum efnum?

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## Verkefni Menntagátt

Nemendur fara inn á vefsíðuna [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is). Þar eiga þeir að finna allar þær upplýsingar sem þeir þurfa til að geta leyst verkefnið. Nemendur svara spurningum á verkefnablað og eiga að því loknu að vera öruggari með umsóknarferlið.

## Heimsóknir í framhaldsskóla – Opin hús

Flestir framhaldsskólar bjóða grunnskólanemum að koma á svokölluð opin hús. Þar kynna skólarnir námsframboð, félagslíf og ýmislegt annað tengt skólastarfinu. Auglýsingar um opin hús birtast stundum í fjölmiðlum en auk þess fá námsráðgjafar eða aðrir tengiliðir innan grunnskólanna oft upplýsingar um opnu húsin og miðla áfram til nemenda. Heimsókn á opið hús dugar mörgum nemendum til að fá skýrari mynd af skólanum en vilji þeir frekari upplýsingar má benda þeim á að panta viðtal hjá námsráðgjafa í viðkomandi skóla. Foreldrar eru velkomnir á opin hús og ætti að hvetja þá til að mæta með börnum sínum. Framhaldsskólar bjóðast líka oft til þess að koma í heimsókn í þá grunnskóla sem eru í næsta nágrenni. Á þessum tímamarki væri gott að nýta sér slíka heimsókn.

**Hvaða skóli?**

Þú ert náms- og starfsráðgjafi þess þú kemst á eftir spurningum um reitarnar og á vefsíðu www.menntagatt.is er fjöldi reinga af þessum efnum og spurningum sem þú þarft að lesa að þess leyri eftir á vefsíðu.

Hvaða skóli er þú að skoða?

\_\_\_\_\_

Hvar vakir maður um framhaldsskóla?

\_\_\_\_\_

Hvað á að veita marga skóla?

\_\_\_\_\_

Hvar er reitnum í reitnum?

\_\_\_\_\_

Verður þú að endurskoða val sitt eftir og þú hefur?

\_\_\_\_\_

Þú átt vanda stöðu tilgjafi með umskilnaði?

\_\_\_\_\_

Hvað er vott um, þú stöðvast á þessum?

\_\_\_\_\_

Hvar er þú að líta á þessum efnum?

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## Hvaða skóli?

Nú ættu langflestir nemendur að hafa einhverja hugmynd um hvaða skólar höfðu til þeirra. Í þessu verkefni eiga þeir að velja sér a.m.k. þrjá skóla sem þeim finnst koma til greina að innritast í og heimsækja þá ef tök eru á því. Í kjölfar heimildaöflunar eiga þeir að skrifa stutta greinargerð um upplifun sína.



## Samantekt

Við lok þessa hluta ættu nemendur að

- hafa fengið allar nauðsynlegar upplýsingar um innritun í framhaldsskóla.
- hafa nokkuð skýra mynd af því í hvaða skóla þeir ætla að sækja um.
- hafa kynnt sér námsframboð og inntökuskilyrði þessara sömu skóla.